

Verklagsreglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna grunnskólvistar utan lögheimilissveitarfélags

Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur samkvæmt viðmiðunarreglum sambands íslenskra sveitarfélaga vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags og fer um meðferð umsókna samkvæmt þeim sé annað ekki tekið fram hér að neðan.

Í þeim tilfellum sem forsjáraðili barns óskar eftir að það fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags s.b.r. annan málslíð 1. greinar viðmiðunarreglna sambands sveitarfélaga og 3.- 5. grein sömu reglna gildir eftirfarandi:

Umsóknum skal fylgja rökstuðningur sérfræðings skólalþjónustu, sálfræðings eða annars meðferðaraðila.

Alla jafnan skal miða við að námsvist sé tímabundin, þ.e. skemmri en eitt skólaár.

Heimilt er að gera undanþágu frá þessari reglu sé það í þágu velferðar nemenda að mati sérfræðinga skólalþjónustu eða meðferðaraðila.

Umsóknum skal beina til fræðslustjóra sem afgreiðir umsóknir á grundvelli umsagna sérfræðinga skólaskrifstofu eða meðferðaraðila.

Svara skal innan tveggja vikna frá því að umsókn er móttækin.

Samþykkt á fundi fræðslu- og tómstundanefndar